

Stefna Akureyrarbæjar í norðurslóðasamstarfi

Inngangur

Í stefnu Akureyrarbæjar í erlendum samskiptum er áhersla lögð á norðurslóðasamstarf, innanlands sem utan. Leiðarljós í öllum erlendum samskiptum skal vera að læra af samskiptum við aðrar þjóðir, miðla reynslu og stuðla að því að ný viðhorf, vinátta og skilningur berist og ellist milli þjóða, sveitarfélaga og íbúa þeirra.

Norðurslóðasamstarf

Akureyri hefur þróast í að verða miðstöð norðurslóða á Íslandi. Þar skiptir ekki síst máli að stofnanir eins og Stofnun Vilhjálms Stefánssonar, skrifstofa Alþjóðlegu norðurskautsvísindanefnarinnar og skrifstofur CAFF og PAME, sem eru fastir vinnuhópar Norðurskautsráðsins, eru staðsettar á Akureyri. Háskólinn á Akureyri er hluti af Háskóla norðurslóða og starfrækir námsbraut í heimskautarátti. Þá hafa fyrirtæki í bæjarfélaginu stofnað samtök sín á milli, Arctic Services, sem ætlað er að sinna þjónustu við Grænland á svíði iðnaðar og tækni.

Akureyrarbær leggur ríka áherslu á virka þátttöku í norðurslóðamálum innanlands sem utan m.a. með aðild að samtökum sem tengjast norðurslóðum. Leggja þarf áherslu á að Akureyri verði formlega viðurkennd sem miðstöð norðurslóða á Íslandi og marki sér þá sérstöðu að leggja áherslu á þróun og þekkingu (þ.a.m. öryggismál). Vörumerkið Arctic Akureyri er samnefnari alls norðurslóðastars á Akureyri og Akureyrarbær heldur utan um vefsíðu með yfirliti yfir norðurslóðastarf í bænum.

Áhersla er lögð á virka þátttöku í eftirfarandi samtökum:

Northern Forum eru samtök um samstarf svæða á norðurslóðum um eflingu byggðar og mannlífsgæða. Markmiðið með aðild Akureyrarbæjar er að skapa sér sérstöðu sem alþjóðlegur norðurslóðabær.

Markmið samtakanna er:

- að bæta lífsgæði íbúa norðurslóða með því að gera leiðtogum svæða kleift að miðla þekkingu sinni og reynslu í að takast á við sameiginlegar áskoranir
- að styðja við sjálfbæra þróun og framkvæmd samstarfs í félagslegum- og efnahagslegum aðgerðum á norðurslóðasvæðum í gegnum alþjóðlega umræðu

Bæjarstjóri skal vera fulltrúi Akureyrarbæjar í stjórn samtakanna (board of Governors). Sá starfsmaður sem fer með erlend samskipti fyrir hönd Akureyrarbæjar skal vera svæðistengiliður (regional coordinator).

Norðurslóðanet Íslands er samstarfsvettvangur stofnana, fyrirtækja og félagasamtaka á Íslandi sem vinna að mállefnun norðurslóða. Skrifstofa Norðurslóðanetsins er á Akureyri og gerðist Akureyrarbær aðili að netinu vorið 2015 í því skyni að styrkja Akureyri í sessi sem miðstöð norðurslóða.

Stefnt skal að því að Akureyrarbær eigi fulltrúa í stjórn.

Stefnt er að því að Akureyrarbær gerist aðili að **Norðurslóða viðskiptaráðinu** í þeim tilgangi að vekja enn meiri athygli á því að bærinn er miðstöð norðurslóða á Íslandi. Aðild að viðskiptaráðinu er fyrst og fremst yfirlýsing.

Arctic Mayors er vettvangur borgar- og bæjarstjóra á norðurslóðum þar sem áhersla er lögð á nársamfélögum. Akureyri er eina íslenska sveitarfélagið sem boðið hefur verið til þátttöku. Miklvægt er að rækta þau tengsl sem myndast milli norðurslóðaborga.

Aðild	frá árinu
Northern Forum	2003
Norðurslóðanet Íslands	2015
Arctic Mayors	2017
Norðurslóða viðskiptaráðið	

Í öllu norðurslóðasamstarfi skal leggja megináherslu á sveitarstjórnarmál, jafnrétti og umhverfismál.

Annað starf sem tengist norðurslóðum

Arctic Circle. Vegna sérstöðu sinnar er mikilvægt að Akureyri sé sýnileg í viðburðum innan lands sem utan. Þátttaka í Arctic Circle ráðstefnunni skiptir máli og stefnt skal að því að fulltrúi Akureyrarbæjar hafi innlegg á ráðstefnunni árlega.

<http://www.arcticcircle.org/>

Heimskautastofnun Kína og önnur kínversk tengsl. Í tengslum við byggingu norðurljósarannsóknarhúss á Kárhóli í Þingeyjarsýslum hafa myndast tengsl milli Akureyrarbæjar og Heimskautastofnunar Kína. Það hefur leitt til frekari tengsla við Kína m.a. við kínversk sveitarfélög sem hafa áhuga á norðurslóðamálum.

Norðurskautsráðið. Ísland mun gegna formennsku í Norðurskautsráðinu á árinum 2019-2021. Mikilvægt er að Akureyri sem miðstöð norðurslóða hafi aðkomu að undirbúningi og verkefnum sem framkvæmd verða í formennskutíð Íslands.

Samþykkt í bæjarráði 21. september 2017.

Samþykkt í bæjarstjórn 3. október 2017